

25.6.2026

Undirrituð óska eftir upplýsingum um reglur og verklag er tengist boðum á viðburði sem haldnir eru á vegum Kópavogsbæjar, í samstarfi við bæinn eða með þátttöku bæjarins.

Tilefni fyrirspurnarinnar er nýlegur viðburður sem Félag eldri borgara í Kópavogi hélt í samstarfi við Skógræktarfélag Kópavogs og Kópavogsbæ. Þar vakti athygli að forseti bæjarstjórnar og 2. varaforseti bæjarstjórnar fengu boð á viðburðinn, báðir fulltrúar meirihluta, en enginn kjörinn fulltrúi minnihluta fékk boð.

Óskað er eftir svörum við eftirfarandi:

1. Hvaða reglur, verklag eða viðmið gilda um það hverjum er boðið á viðburði sem haldnir eru á vegum Kópavogsbæjar, í samstarfi við bæinn eða með formlegri þátttöku bæjarins?
2. Hver tekur ákvörðun um boðslista á slíkum viðburðum og með hvaða hætti er tryggt að jafnræðis sé gætt milli kjörinna fulltrúa meirihluta og minnihluta?
3. Gilda sérstök viðmið um það hvenær kjörnum fulltrúum er boðið á slíka viðburði og á hvaða grundvelli er ákveðið hvaða kjörnu fulltrúar fá boð hverju sinni?
4. Ef bæjarstjóri forfallast á viðburð þar sem gert er ráð fyrir þátttöku fulltrúa bæjarins, hvaða verklag gildir um staðgengil hans?
5. Óskað er eftir upplýsingum um hvort ákvörðun um boðun á umræddan viðburð hafi byggst á formlegu verklagi eða sérstöku mati í þessu tilviki. Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um hvaða sjónarmið lágu að baki því að forseta bæjarstjórnar og 2. varaforseta bæjarstjórnar var boðið en engum kjörnum fulltrúa minnihluta, þar á meðal 1. varaforseta bæjarstjórnar.
6. Óskað er eftir afriti af þeim reglum, verklagsreglum eða öðrum skriflegum viðmiðum sem stuðst er við í þessu samhengi, séu þau til staðar sem og samskiptum í tengslum við viðburðinn.

Virðingafyllst,
Einar Jóhannes Guðnason
Eydís Inga Valsdóttir
Jónas Már Torfason
María Ellen Steingrimsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026